

## 2. bekkur hönnun og smíði

---

Kennarar: Solveig Edda Vilhjálmsdóttir

### Lýsing

Í list- og verkgreinum þroska nemendur með sér sjálfstætt gildismat, þar sem lögð er áhersla á að kynnast og njóta menningar. Nemendur fá að tjá sig og allir hafa hæfileika til að skapa.

Markmið með náms í hönnun og smíði er fyrst og fremst að gera nemendur sjálfstæða í verki, stuðla að vinnugleði og virðingu fyrir vinnu, þjálfra einbeitningu, iðjusemi og verkfærni. Það er lögð áhersla á handverk, menningu og tengsl við verklegt framhaldsnám.

Í hönnun og smíði er unnið eftir hæfnimarkmiðum aðal

### Markmið

Markmiðið er að nemendur fái grunnhæfni í notkun verkfæra og læri að temja sér að umgangast þau og verkstæðið af virðingu. Að þeir fái að hanna eigin verk og nota nota sköpunargáfuna til fulls.

Í hönnun og smíði er áhersla lögð á að nemandinn verði sjálfstæður í verki og öðlist færni í að smíða hluti með fjölbreyttum eignum, verkfærum og tækni. Hann öðlast þekkingu og færni sem hann getur yfirfært á starfsvettvang, tómsundur eða heimilishald. Lögð er áhersla á að nemandinn sé virkur í hönnunarferli og móti útlit og uppbyggingu hluta miðað við notkun þeirra. Þar fléttast einnig inn áhersla á nýsköpun og hagnýtingu þekkingar

### Námsefni

Ýmis verkefni frá kennara

### Kennsluaðferðir

Verklegt námskeið. Nemendur vinna ákveðin verkefni eftir leiðbeiningum frá kennara.

Sýnikennsla. Kennari sýnir verkefnið fullgert.

Samvinnunám. - Eitt verkefni á önn sem þau vinna saman í.

Lausnaleyfarnám - leyfa þeim að finna lausnir á verkefni sjálf. Td. virkni hluta, hvernig á að festa efni saman, hvaða efni er best að nota osfrv.

Þetta er ekki þungt né flókið vegna aldurs nemenda.

### Námsmat

Símat - Frammistaða, vinnusemi og framför metin.

Sjálfsmat - Nemendur fá eyðublað og meta eigin frammistöðu.

### Hönnun og smíði fyrir 1.-4. bekk

- **Hæfnieinkunn (A-D)**

### Hönnun og smíði fyrir 1.-4. bekk - Handverk

- Valið og notað nokkur verkfæri sem hæfa viðfangsefni á öruggan hátt.

### Hönnun og smíði fyrir 1.-4. bekk - Hönnun og tækni

- Dregið einfalda skissu og tvívíða teikningu til að útskýra hugmyndir sínar.

### Hönnun og smíði fyrir 1.-4. bekk - Umhverfi

- Beitt líkamanum rétt við vinnu sína og sýnt rétta notkun hlífðarbúnaðar